

Eysteinn Árnason (1923-2012), framkvæmdastjóri og forstjóri

2020/34

Eysteinn Árnason fæddist 6. september 1923 á Nunnuhóli í Hörgárdal. Hann lést 20. nóvember 2012 á Landspítalanum. Faðir Eysteins var Árni Björnsson f. 24. janúar 1894, d. 29. apríl 1966, kennari á Akureyri. Móðir Eysteins var Jónína Sigrún Þorsteinsdóttir f. 13. janúar 1895, d. 18. júlí 1970, húsmóðir og leikkona. Eysteinn átti eina systur.

Eysteinn tók gagnfræðapróf frá Menntaskólanum á Akureyri og stundaði tungumálanám meðfram vinnu í kvöldskólum. Árið 1947 dvaldi Eysteinn í Svíþjóð við nám í almennum verksmiðjurekstri með sælgætisframleiðslu sem sérsvið.

Á árunum 1948-1956 vann hann sem stjórnandi framleiðslu hjá Nóa-Síríus hf. Þá fluttist hann til Akureyrar og tók við starfi hjá Lindu hf. og stofnaði m.a. fyrirtækið Ískex hf. Árin 1965-1969 var hann framkvæmdastjóri Sana hf. en 1971 stofnaði hann innflutningsfyrirtækið E. Árnason & Co hf., sem hann rak til starfsloka.

Eysteinn var í stjórn Lionsklúbbs Akureyrar. Hann sat mörg ár í stjórn Félags íslenskra stórkaupmanna og hlaut gullmerki FÍS að loknu starfi. Hann var í karlakórnum Geysi um áraraðir. Hann var virkur félagi í Frímúrarareglunni í áratugi þar sem hann gegndi mörgum trúnaðarstörfum. Auk þess áttu útivist og ferðalög hug hans allan frá unga aldri þar sem hann stundaði göngur, útreiðar og skíðamennsku.

Eysteinn var kvæntur Önnu Valmundardóttur f. 9. janúar 1925, d. 17. desember 2020. Þau giftu sig 28. desember 1948 og eignuðust tvær dætur.

Lengst af þjuggu Eysteinn og Anna á Akureyri en fluttust til Reykjavíkur 1996.

Afhendingin barst frá dóttur Eysteins, Rögnu Eysteinsdóttur og er fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
1. september 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2020 / 34

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

A-Eysteinn Árnason

A-Eysteinn Árnason

1942 - 1979

A	1	1	1963 - 1973	Hlutabréf fyrir Akur dags. 16. maí 1963, 4 stk. að verðmæti 2000 kr; sölusamningur og afsal á hlutabréfum í Ískex h.f., dags. 31. jan. 1973, að verðmæti 15,000 kr; skuldabréf frá Stangveiðifélaginu Flúðir á Akureyri dags. 1. júní 1963, 4 stk. að verðmæti 2000 kr; tilkynning um stofnun hlutafélagsins Sana H/F, stofnsamningur, samþykktir, leigusamningur og ábyrgðarsamningur; hlutabréf í Sana H/F 5 stk. að verðmæti 327,000 kr dags. 1. nóvember 1969.
A	1	2	1949 - 1949	Skattaframtal fyrir árið 1948.
A	1	3	1979 - 1979	Nokkur kvæði eftir Stefán Sveinsson (ljósrit). Til Eysteins Árnasonar með kærri kveðju, Guðbjörg Stefánsdóttir dags. 23.12.1983.
A	1	4	1979 - 1979	Bréf til Eysteins frá Friðvini Þorsteinssyni með ættartölu dags. 16.7.1979.
A	1	5	1954 - 1969	Viðskiptabók Önnu Valmundsdóttur (konu Eysteins) við Sparisjóð Akureyrar.
A	1	6	1965 - 1970	Sparisjóðsbók Ískex h/f hjá Landsbankanum á Akureyri; kvittun fyrir innborgun.
A	1	7	1942 - 1971	Viðskiptabækur Eysteins við KEA.